

REGLUGJÖRÐ

um

kynbætur nautgripa.**75**
26. okt.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27, 7. maí 1928, um kynbætur nautgripa, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Bannað er að láta naut, eldri en 8 mánaða, ganga laus í heima-
högum eða afrjettum, nema heimild til þess felist í reglugjörð þessari.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð
þrem mönnum. Þar sem nautgriparæktarfelag er, er stjórn þess sjálf-
kjörin nautgripakynbótanefnd, en annarsstaðar skal kjósa nefndina
eftir sömu reglum og gilda um kosningu hreppsnefnda.

3. gr.

Skylt er kynbótanefnd að sjá um:

- a. að til sjeu, innan hrepps eða utan, hæfilega mörg naut, kyngóð og
efnileg, til undaneldis í hreppnum, og er öllum óheimilt að nota
önnur naut til undaneldis en þau, sem kynbótanefnd hefir til þess
valið.
- b. að öll naut, sem hún velur til undaneldis, sjeu merkt á hægri eyra
með aluminium merki, er á sjeu letraðir stafirnir K.n. (sbr. 6. gr.).
- c. að ákvæðum 1. gr. sje hlýtt.
- d. að tilkynna hreppsþúum, bæði á haust- og vorhreppaskilum, hvaða
naut hún hefir valið (eða viðurkennt sbr. 3. a.) til undaneldis.
- e. að láta þau naut sitja fyrir vali til undaneldis, sem hlotið hafa verð-
laun á nautgripasýningu, sem Búnaðarfelag Íslands hefir styrkt.
- f. að semja um kaup eða leigu á kynbótanautum, fóðrun þeirra og
hirðingu og geymslu að öllu leyti.
- g. að halda alla reikninga um kostnað, er af nautahaldinu leiða, og
tekjur, og leggja þá fyrir hreppsnefnd til endurskoðunar.

4. gr.

Heimilt er kynbótanefnd:

- a. að veita einstökum hreppsþúum, sem vegna afstöðu sinnar eiga
óhægt með að nota kynbótanautin, undanþágu frá að nota þau, og

- 75**
26. okt. undanþiggja þá þeim skyldum og rjettindum, sem kynbótastarfsemi-
inni fylgja.
- b. að veita einstökum kúamörgum bændum heimild til að halda naut sjálfir á eigin kostnað, fyrir sínar kýr, enda samþykki nefndin val þeirra nauta og hlutaðeigendur skuldbindi sig til að lána nautin þeim, sem nefndin telur það hentugt, og eigi við hærra verði en þá gildir alment í hreppnum.
 - c. að veita leyfi til að kynbótanaut gangi laus, ef örugt þykir að ekki hljótist skaði af. Þó ber sá er leyfið fær ábyrgð á, ef skaði hlýst af.
 - d. að vinna með kynbótanefnd eða kynbótanefndum annara hreppa, eftir því sem ástæður og atvik gera haganlegt, t. d. með því að nota sömu naut, sömu nautagirðingar, sama eftirlitsmann, o. fl.
 - e. að ákveða gjalddaga nautstolla, eftir því sem henni þykir best henta fyrir kynbótastarfsemina.

5. gr.

Nú telur kynbótanefnd nauðsynlegt að kaupa kynbótanaut, eða koma upp kynbótagirðingu, en skortir fje til þess. Skal hún þá leita til hreppsnefndar um fjárframlög í þessu skyni, annaðhvort af sjóði hreppsins eða með lántöku á ábyrgð hreppsnefndar ef þörf gerist. Afborganir og vextir af lánsfje, er kynbótanefnd kann að fá á þennan hátt til kynbótastarfseminnar, skal telja með kostnaði við nautahaldið, og lánið endurgreiðast svo fljótt og að svo miklu leyti, sem tekjur af kynbótastarfseminni leyfa (sbr. 9. gr.).

6. gr.

Öll kynbótanaut, sem kynbótanefnd velur, svo og þau sem hlotið hafa verðlaun á sýningu, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir haldið eða styrkt, skal merkja með aluminium merki, er á sju mótaðir stafirnir K.n. og skal kynbótanefndin sjá um, að þau merki sju ætíð glögg.

Merki einstakir menn önnur naut samskonar merki, varðar það sektum (sbr. 11. gr.). Taka má slík naut hvar sem þau hittast utan gripheldrar girðingar, svo og ómerkt naut, sem ekki eru í öruggri vörslu, og ráðstafa þeim sem óskilafje og selja án innlauðnarfrests.

7. gr.

Öll naut, eldri en 8 mánaða, sem ekki eru ætluð til undaneldis, skal gelda eða halda í öruggri vörslu vor hvert, þegar kýr eru leystar út (sbr. þó 4. gr. c.).

8. gr.

Nú hittist naut merkt K.n. í hægra eyra, gæslulaust án heimildar (4. gr. c.) hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis,

er það var valið fyrir sem undaneldisnaut, og skal þá taka það í örugga 75 gæslu og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, 26. okt. en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unt er.

Ef nautsins er eigi vitjað og eigi greiddur áfallinn kostnaður, áður en liðnar eru 2 vikur frá því að það var tekið, má ráðstafa því sem óskilagrip og selja með fjögura vikna innlausnarfresti.

9. gr.

Hreppaskilafundur ákveður þóknun fyrir starf kynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo og þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótanaut, fóður þess og hirðingu, kostnað við girðingu, afborgun og vexti af girðingaláni eða nautakaupaláni o. s. frv., jafnar nefndin niður á allar þær kýr, sem bera í hreppnum á því ári. Þó má gjald þetta aldrei verða hærra en 8 — átta — krónur, fyrir hverja kú. Eigendur, en svo teljast þeir, sem kýrnar hafa undir höndum, hvort sem um eignar- eða leigugripi er að ræða, eru skyldir til að greiða gjald þetta eða nautstolla til nefndarinnar, eða þeirra er hún felur innheimtu þess, á þeim gjalddaga er hún ákveður (sbr. 4. gr. e.) og er gjaldið lögtakskræft. Verði kostnaður við kynbæturnar hærri en 8 krónur á hverja kú, borgar hreppsjóður mismuninn.

Verði ágreiningur um gjald þetta sker atvinnumálaráðuneytið úr.

10. gr.

Halda skal nautakynbótanefndin gerðabók, þar sem hún bókar allar ályktanir sínar og aðrar gerðir, reikninga, brjef o. fl.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á nefndarfundum og eru þeir lögmætir og ályktunarfærir þó einn nefndarmann vanti, sjeu hinir tveir sammála.

Formaður nefndarinnar gerir reikning eftir hver áramót. Reikninginn skal endurskoða af hreppsnefnd og leggja fram á vorhreppaskilabingi.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu í sveitarsjóð þar sem brotið verður uppvíst, en að hálfu í sveitarsjóð þar sem sá seki á heima.

12. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum gegn reglugerð þessari, skulu rekin sem almenn lögglumál.

75

Ákvæði til bráðabirgða:

26. okt. Fyrsta reikningsár telst frá því starfsemi hefst samkvæmt lögum nr. 27, 7. maí 1928 og reglugerð þessari, til 31. des. 1929.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 27, 7. maí 1928 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

76

REGLUGJÖRÐ

26. okt.

um

holræsi og holræsagjald fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefir látið leggja holræsi í götu, vegi eða á opnu svæði, er hverjum húseiganda, er lóð hans telst til, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji alt skólþ frá húsinu út í aðalræsið. — Regnvatn af húsi og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem hægt er, leitt í húsræsið. — Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, eða vatnsveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað. —

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra verkfræðing bæjarins eða þeim, er vatnsveitunefnd felur umsjón á lagningu holræsanna í bænum, frá því, og fá samþykki þar til. — Lega, halli, stærð og gerð píþna, brunna, vatnslása og yfir höfuð als þess, sem skólþlögninni innan- og utanhúss tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. — Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. — Sje um stórt hús að ræða, eða mikla lögn, má umsjónarmaður vatnsveitunefndar krefjast uppdráttar, er sýni